

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 38/2002

frá 19. apríl 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2002 frá 1. mars 2002⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/26/EB frá 7. maí 2001 um breytingu á tilskipun ráðsins 95/50/EB um samræmt eftirlit með flutningi á hættulegum færmum á vegum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 17d (tilskipun ráðsins 95/50/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32001 L 0026:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/26/EB frá 7. maí 2001 (Stjtið. EB L 168, 23.6.2001, bls. 23).“

2. gr.

Texti tilskipunar 2001/26/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 25.4.2002, bls. 17 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 21, 25.4.2002, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 168, 23.6.2001, bls. 23.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 20. apríl 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 19. apríl 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.